

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/89/EB**

frá 17. desember 1996

**um breytingu á tilskipun 95/12/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum <sup>(1)</sup>, einkum 9. og 12. gr.,

með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota <sup>(2)</sup>,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í núverandi mæliaðferðum og upplýsingum er ekki gert ráð fyrir viðeigandi merkingum þvottavéla án innri vatnshitara. Því nær tilskipun 95/12/EB ekki til slíkra tækja.

Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Við 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 95/12/EB, í skránni yfir þær gerðir þvottavéla til heimilisnota sem tilskipunin nær ekki til bætist eftirfarandi:

„— fram að 30. júní 1998, tækjum án innri vatnshitara.“

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsluáttmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. apríl 1997. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þessar ráðstafanir. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 15. maí 1997.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá ráðstöfunum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1996.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Christos PAPOUTSIS

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 136, 21. 6. 1995, bls. 1.